

5. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í lögum nr. 66/1977, um Tækniskóla Íslands og öðlast þegar gildi.

Menntamálaráðuneytið, 28. apríl 1986.

Sverrir Hermannsson.

Árni Gunnarsson.

GJALDSKRÁ

**fyrir heilbrigðiseftirlit Austurlandssvæðis
sbr. 6. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984.**

1. gr.

Eftirlitsgjöld

Sveitarstjórnnum á starfssvæði heilbrigðiseftirlits Austurlands skv. lögum nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, er heimilt að innheimta gjöld af eftirlitsskyldri starfsemi í samræmi við flokkun fyrirtækja sem greint er frá í fylgiskjali með reglugerð þessari.

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 7., 8., 12., 13., 14., 15., 16. og 17. töluliðum 2. gr. laga nr. 108/1984 er heimilt að innheimta eftirlitsgjöld sem hér greinir:

1. flokkur	kr. 4 000,00
2. flokkur	kr. 8 000,00
3. flokkur	kr. 15 000,00
4. flokkur	kr. 25 000,00

2. gr.

Leyfisgjöld

Af eftirlitsskyldri starfsemi skv. 1. gr. skal innheimta leyfisgjöld. Fyrir rekstrarleyfi skv. 31. gr. 1. tl. heilbrigðisreglugerðar nr. 45/1972 skal greiða leyfisgjald við afhendingu leyfisbréfs í samræmi við fylgiskjal með reglugerð þessari sem hér segir:

1. flokkur	kr. 1 500,00
2. flokkur	kr. 3 000,00
3. flokkur	kr. 4 500,00
4. flokkur	kr. 6 000,00

Fyrir leyfi vegna breytinga á húsakynnum eða rekstri skal greiða hálf gald. Sé um að ræða smávægilegar breytingar að mati heilbrigðisfulltrúa, er honum heimilt að lækka eða fella gjaldið niður.

3. gr.

Gjöld fyrir vottorð

Fyrir hvert vottorð sem heilbrigðiseftirlit gefur út skal innheimta kr. 500,00.

4. gr.

Innheimta

Heilbrigðisfulltrúi/heilbrigðisnefnd í umboði sveitarstjórna innheimtir leyfisgjöld og gjöld fyrir vottorð. Skulu þessi gjöld renna í sameiginlegan sjóð eftirlitsins.

Þær sveitarstjórnir sem kjósa að leggja á eftirlitsgjöld innheimta þau á eigin ábyrgð og kostnað. Gjaldldagi eftirlitsgjalda er 1. júní og eindagi 1. ágúst.

5. gr.

Gildistaka

Ofangreind gjaldskrá sveitarfélaga á heilbrigðiseftirlitssvæði Austurlands sbr. 7. gr. 9. tl. laga nr. 109/1984 sem samin er í samráði við svæðisnefnd um heilbrigðiseftirlit á Austurlandi staðfestist hér með samkvæmt 5. gr. laga nr. 109/1984 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit til þess að öðlast gildi þegar við birtingu.

Heilbrigðis- og tryggingarmálaráðuneytið, 23. apríl 1986.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

*Soffía P. Magnúsdóttir.***Fylgiskjal.****Flokkun fyrirtækja eftir umfangi og gerð:**

1. flokkur:

Bensinstöðvar
Leiktækjasalir
Gufubaðstofur
Ljósabaðstofur
Lækningastofur
Rakarastofur, hárgreiðslustofur
og aðrar snyrtistofur
Sælgætis- og tóbakssölur
Málningarverslanir
Tannlæknastofur
Torgsala
Mötuneyti sem starfa tímabundið
Félagsheimili án samfellds veitinga-
reksturs
Annar rekstur sambærilegur

2. flokkur:

Fangageymslur
Gistiheimili án veitinga
Heilsuræktarstöðvar/nuddstofur
Kvikmyndahús
Læknastöðvar
Matsöluvagnar
Mötuneyti (minni og í skólum)
Neysluvörugeymslur
Nýlenduvöruverslanir
Sælgætisgerðir (minni)
Annar rekstur sambærilegur

3. flokkur:

Brauðgerðarhús og brauðsala
Brauðstofur
Pizzagerðir
Félagsheimili með veitingarekstur
Fiskbúðir
Minni hótél
Ísbúðir/ísgerðir
Íþróttahús og sundlaugar
Kjörbúðir/nýlenduvöruverslanir
Leiktækjasalir m/veitingum
Skyndibitastaðir
Stærri samkomuhús og veitingastaðir
Sælgætisgerðir (stærri)
Veislumiðstöðvar
Veitingastaðir
Vinnslustöðvar minni (kjöt, fiskur,
önnur matvæli)
Annar rekstur sambærilegur

4. flokkur:

Stórmarkaðir (stærri)
Kjörbúðir
Stór hótél
Stórar matvælavinnslustöðvar
Stór brauðgerðarhús
Mjólkurstöðvar
Annar rekstur sambærilegur.